

Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Jórvíkur í Árborg



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

NV nr. 10-20

September 2020

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		DAGSETNING: SEPTEMBER 2020
		DREIFING: ☐ OPIN ☐ LOKUÐ TIL: ☐ HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
SKÝRSLA NR: NV NR. 10-20	VERKNÚMER: 545	
HEITI SKÝRSLU: FORNLEIFASKRÁING VEGNA DEILISKIPULAGS Á 191 HE DEILISKIPULAGSREITS Í LANDI JÖRVÍKUR Í ÁRBORG		BLAÐSÍÐUR: 21
		UPPLAG: 5
HÖFUNDUR: MARGRÉT HRÖNN HALLMUNDSDÓTTIR KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR		FJÖLDI KORTA: 2
		GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:
VERKEFNISSTJÓRI: MARGRÉT H. HALLMUNDSDÓTTIR		UNNIÐ FYRIR: LANDHÖNNUN
ÚTDRÁTTUR FORNLEIFASKRÁNING VEGA DEILISKIPULAGS Á DEILISKIPULAGSREIT Í LANDI JÖRVÍKUR Í ÁRBORG		
LYKILORÐ ÍSLENSK: FORNLEIFASKRÁNING. DEILISKIPULAG		LYKILORÐ ENSK: ARCHAEOLOGICAL SURVEY.
UNDIRSKRIFT VERKEFNASTJÓRA:		YFIRFARIÐ AF:

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
1. INNGANGUR.....	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	4
2.2 Skráning fornleifa	6
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	6
3.1 Saga Jórvíkur	6
3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis.....	9
4. NIÐURSTÖÐUR	17
5. HEIMILDASKRÁ.....	18
6. Kort.....	20

1. INNGANGUR

Að beiðni Hermanns Ólafssonar frá Landhönnun gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á deiliskipulagsreit í landi Jórvíkur í sveitarfélaginu Árborg. Svæðið er 191 ha. Fyrirhugað er að þar rísi íbúahverfi. Árið 2008 kom út skýrslan *Aðalskráning fornleifa í Árborg* ¹. Þar var jörðin Jórvík fornleifaskráð. Þar sem sú skráning er ekki fullnægjandi á deiliskipulagsstigi fór Minjastofnun Íslands fram á að minjar verði mældar upp með nákvæmum mælitækum. Svæðið var gengið og áðurskráðar minjar voru mældar upp og farið yfir svæðið aftur. Vettvangsvinna fór fram þann 2. September 2020 og var unnin af Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttir fornleifafræðing sem jafnframt sá um skýrslu og kortagerð ásamt Margréti Hallmundsdóttir fornleifafræðing.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnakort, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og stuðst var að hluta við þá skráningu. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir fönfum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

„Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

¹ Aðalskráning fornleifa í Árborg 1.

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

„fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar

ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2358 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2358-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 Saga Jórvíkur

Jórvík „... var lögbýli frá upphafi ...“² Ábúendatal Árnessýslu er elsta ritaða heimild um búsetu í Jórvík. Þar kemur fram að ábúandi þar árið 1861 var Jón Hafliðason³ Árið 1709 er vitað að jörðin var í eigu biskupsstólsins í Skálholti. ⁴Í Örnefnaskrá sem gerð var upp úr 1960 segir að Jórvík hafi verið samfelld í byggð síðustu 2-300 árin. „Var jörðin að mestu einbýli til 1856, þá var búið tvíbýli þar næstu fjóra áratugina til 1898. Líklega hefur þá verið orðið fullþröngt í Jórvík, og er Guðmundur Einarsson bóndi þar 1891-1919 lést, byrjaði hrakfallasaga jarðarinnar. Hafa ekki færri en 10 bændur búið þar síðan og sumir tvívegis. Fór jörðin loks í eyði eftir þurrkasumarið 1958 en byggðist aftur vorið eftir er Ársæll Jóhannsson kom þangað...“ ⁵Jörðin hefur verið í byggð síðan en núverandi ábúendur eru hjónin Sigrún Erla Sigurðardóttir og Rúnar Gestsson.

Vangaveltur hafa verið um uppruna nafnsins Jórvík og ein tilgátan er sú að bærinn hafi fengið „... nafn sitt af enska (engilsaxneska) bænum Jórvík (nú York) á Englandi, og er þá

² Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:342

³ Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 200

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109

⁵ Páll Lýðsson. [ártal vantar]

líklega byggður af engilsaxneskum manni frá Jórvík eða að minnsta kosti manni tengdum við þann stað.“⁶

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709 er fyrst getið um hjáleiguna Jórvíkurkot, sem er þá „... eyðihjáleiga, byggð innan 12 ára, og varaði byggðin í fáein ár.“ Síðar segir: „Aftur má hjer byggja, en þó ekki nema heimaörðunni til rýrðar.“⁷ Þetta kot er talið hafa staðið rétt sunnan við Votmúlaveg og sjást þar ummerki eftir mannvirki [166188-003].

Aftur er getið um Jórvíkurkot um aldamótin 1900, en það þá sagt vera þurrabúð. „Var því ekki um það að ræða að hjáleigur mynduðust frá Jórvík nema stutta stund í einu í bestu góðærum.“⁸ Líklegt er að þetta kot hafi verið um í túninu norðan Votmúlavegar, um 300 m frá núverandi íbúðarhúsi Jórvíkur [166188-012].

Samkvæmt manntölum virðist aldrei hafa verið mikið margmenni í Jórvík. Árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt þremur börnum og einu vinnuhjúi.⁹ Í Manntalinu frá 1816 kemur fram að þar hafi búið ein kona, Helga Ólafsdóttir, ásamt þremur börnum.¹⁰ Jórvík á kirkjusókn að Laugardælum.¹¹

„Jórvík er eitt hinna þriggja lögbýla er liggja miðsveitis í Sandvíkurhreppi. Er jörðin sem þríhyrningur í lögun og endar (endaði) í odda niður við Hreppamarkaskurð. Landsstærðin er alls um 166 hektarar ... Landamerki Jórvíkur voru skjalfest til þinglýsingar í maí 1890 og hljóða svo: „Hornmark Kerhóll á milli Bjarkar og Jórvíkur og Selfoss, úr Kerhól í Álftaflóðsvörðu, úr Álftaflóðsvörðu í Gölt, úr Gölti í Markavörðu, sem stendur á milli

⁶ Einar Arnórsson. 1950:253

⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110

⁸ Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:342

⁹ Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947:520

¹⁰ Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974:315

¹¹ Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags. 1979 : 72

Byggðarhorns og Jórvíkur, úr Markavörðu í Lómhól, úr Lómhól í Þrívörður, úr Þrívörðum í Virkisvörðu, úr Virkisvörðu í Markhól, úr Markhól í fyrrnefndan Kerhól.[“]“¹²

Í Jarðabók frá 1709 er dýrleiki jarðarinnar talinn óviss, „... því jörðin tündast öngvum.“¹³Landskuld jarðarinnar er 11 álnir þetta ár, sem greiðist í landaurum. Þá segir: „Leigukúgildi ii nú og næstliðið ár, áður iii. Leigur í smjöri ut supra á Eyrarbakka. Kvaðir áður sem á öðrum stólsins jörðum; nú mannslán einasta, geldst in natura. ... Torfrista og stúnga næg ... Túninu grandar grjótsuppgangur og vatn, ut supra á Byggðarhorni. Enginu grandar sumstaðar vatn, sem jetur úr rótina.“¹⁴Jórvík hefur þó „... verið talin til skárri jarða í Sandvíkurhreppi áður fyrr. Var jörðin 11 1/3 hndr. að fornu mati¹⁵ fór ört hækkandi í mati á 19. öld.“¹⁶Að mestu var einbýli á jörðinni til 1856, en þá var þar tvíbýli til 1898. „Jörðin þótti hæg og góð, vel þurrir rimar efra, ofan við Votmúlaveg, en engjalönd góð neðan við veginn og áveituland í Breiðumýri. En bændur voru ekki stöðugir þar er kom fram á 20. öld.“¹⁷

Á túnakorti frá árinu 1917 er stærð túnsins 2 ha., þar af sléttað tún um hálfur hektari. Stærð matjurtagarða er þá 1138 m². Bær og heyhlaða er þá sambyggt og eitt útihús sést á kortinu.¹⁸Þar sem það útihús stóð er nú íbúðarhús sem byggt var á árunum 1983 til 1985.Í Fasteignabók frá 1932 má sjá að timburhús er á jörðinni og stærð túns nú orðin 2,5 ha. Taða af því er 80 hestar, en úthey 300 hestar. Matjurtagarður er 900 m². Áhöfn jarðarinnar er þá 5 kýr, 60 kindur og annað sauðfé ásamt 7 hrossum.¹⁹Samkvæmt vef Fasteignamat ríkisins er á jörðinni tvö hesthús byggð 1940 og 1988, hlaða (1935), íbúð (1984), og alifuglahús (1989).²⁰

Einn frægastur drauga í Árnessýslu er nefndur eftir bænum Jórvík, en annað nafn hans er Kampholtsmóri. Jórvíkurmóri hélt til í Jórvík um árabil eða meðan afkomendur Salgerðar

¹² Páll Lýðsson. [ártal vantar]

¹³ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109

¹⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110

¹⁵ Johnsen, J. 1847:62

¹⁶ Páll Lýðsson. [ártal vantar]

¹⁷ Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:342

¹⁸ Túnakort [1917]. Jórvík

¹⁹ Fasteignabók. 1932:1

²⁰ Fasteignamat ríkisins. [Engin dags].

Einarsdóttur í Seli bjuggu í þar. „Oftast varð Móra vart vegna minniháttar spellvirkja hans, hann villti um fyrir ferðamönnum og ærði fénað. En nokkrum sinnum gengu ærsl hans lengra og eru talin allmörg dæmi þess á síðustu öld að hann grandaði fólki.“ ²¹Einnig er sagt að Jóra sú sem Jórúkleif og Jórúhlaup í Ölfusá eru nefnd eftir hafi verið skapmikil bóndadóttir frá Jórvík. Sagan segir að hún hafi orðið æf þegar hestur föður hennar tapaði í hestaati og reif lærið undan hestinum. ²²

3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Númer: 2358-001

Eldra númer: 166214 208 - 24

Sérheiti: Kerhóll

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðsetning: N: 401599 A: 381401

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir



Mynd 1. Kerhóll [2358-001] rétt ofan
Votmúlatúns

„ ... Rétt fyrir ofan Votmúlatún, að sjá í Kerhól, hornmark Votmúla gagnvart Selfossi, Björk og Jórvík.“ ²³Um 12 m vestur af reiðvegi við Hólahverfi á Selfossi er hornmarkið Kerhóll.

²¹Bjarni Harðarson. 2001:70

²² Bjarni Harðarson. 2001:65

²³ [Páll Lýðsson. [ártal vantar]

Minjalýsing

Kerhóll er lítill, aflíðandi hóll. Á miðjum hólnum stendur gamall rafmagnsstaur.



Mynd 2. Staðsetning Kerhóls er við norður enda deiliskipulagsreits.

Númer: 2358-002

Eldra númer : 166188 207 - 9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 401569 A:
381369

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 4.2 m

Breidd: 2.5 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei

Staðhættir:




Mynd 3. Tóft [2358-002]. Myndin sýnir hlaðna vegg rústarinnar og op inn í hana.

Tóftin er um 100 m SV af íbúðarhúsi sem er nr. 51 við Hraunhóla á Selfossi. Hún er um 50 m SV frá Kerhól sem er hornmark á milli Bjarkar, Jórvíkur og Selfoss.

Minjalýsing

Rústin er sporöskjulaga og liggur hún frá norðri til suðurs. Inngangur er líklega í suðurendanum. Rústin er staðsett um 1 m frá Bjarkarskurði og er norðurendi hennar hruninn að hluta ofan í skurðinn. Innanmál rústarinnar er 2,5 m á lengd og um 1 m á breidd. Rústin er hlaðin úr hraungrýti og er hleðsluhæð um 20 til 40 cm. Grjótið er mosavaxið en innan tóftarinnar er sami gróður og umhverfis hana.



Mynd 4. Teikning af uppmælingu tóftarinnar.

Númer: 2358-003

Eldra númer: 166188 207 - 8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 401593 A: 381229

Hleðsluhæð: 30 cm

Lengd: 6,5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei

Staðhættir




Mynd 5. Hleðslur tóftarinnar [2350-003]. Myndin tekin þar sem líklegur inngangur tóftarinnar hefur verið.

Tóftin er um 200 m suður af íbúðarhúsi sem er nr. 51 við Hraunhóla á Selfossi. Hún er um 800 m norður af bæjarhólnum í Jórvík [166188-001] og um 12 m vestan við mógröf [166188-011].

Minjalýsing

Minjar þessar eru hlaðnar úr hraungrjóti og er mesta hæð hleðslu um 20 til 30 cm, en víðast sést einungis í koll steinanna upp úr yfirborðinu og eru því hleðslur mjög signar. Grjótið er mosavaxið en innan tóftarinnar er sami gróður og umhverfis hana. Ekki er alveg ljóst hvar inngangur hefur verið, en hugsanlegt er að hann hafi verið í norðvestur enda tóftarinnar.



Mynd 6. Teikning af uppmælingu tóftarinnar.

Númer: 2358-004

Eldra númer: 166188 207 - 10

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: N: 401614 A: 381241

Lengd: 16 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei



Mynd 7. Mógröfin er illgreinanleg vegna gróðurs.


Staðhættir

Mógröfin er um 100 m suður frá Kerhól sem er hornmark á milli Bjarkar, Jórvíkur og Selfoss. Hún er jafnframt í um einn km austur frá Björk.

Minjalýsing

Mógröfin er rétthyrnd og er NA-endi hennar greinilegastur. Þar er hæð hennar um 80 cm. Í SV-endanum hefur hún nánast jafnast út við landslagið.

Mógröfin er fremur þurr en leirkennd leðja er í botninum og lítið af gróðri. Nokkuð mikið af grjóti er í SA-enda hennar. Við rannsókn 2020 af svæðinu er mógröfin mikið vaxin gróðri og mjög illgreinanleg. Mógröfin var mæld inn stærri en áður var vegna hversu óljós hún var í landslaginu.



Mynd 8. Uppmæling af mógröf [2358-004]. Mógröfin er austan við tóft 003 og virðist sem vegurinn 005 liggi beint upp að mógröfinni.

Númer: 2358-005**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Vegur**Staðsetning:** N: 381217 A: 401594**Lengd:** 16 m**Breidd:** 7 m**Ástand:** Slæmt**Horfin:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Friðlýst:** Nei**Minjalýsing**

Vegurinn er illgreinanlegur á jörðu en það sést móta vel fyrir honum á loftmyndum af svæðinu. Hann er þétt vaxinn grasi og mosa líkt og umhverfið i kring. Vegurinn liggur þvert yfir deiliskipulagsreitinn frá norðaustri til suðvesturs þar sem hann endar við Votmúlaveg í suðvestur af svæðinu. Alls er vegurinn um 1.15 km en innan deiliskipulagsreits er hann um 430 m langur og um 7 m á breidd.



Mynd 9. Vegurinn [2358-005] er illgreinanlegur en þó má rétt sjá fyrir honum við miðju myndar.



Mynd 10. Uppmæling af veginum [2358-005]. Vegurinn liggur lengra niður til suðvesturs þar sem hann endar við Votmúlaveg.

Númer: 2358-006**Eldra númer :**166188 207 - 6**Sérheiti:** Jórvíkurtóft**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** N: 401296 A: 380894**Hleðsluhæð:** 1,3 m**Lengd:** 14 m**Breidd:** 3,5 - 6,0 m**Ástand:** Sæmilegt**Horfin:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Friðlýst:** Nei**Heimildamaður:** Rúnar Gestsson (1305574659)**Staðhættir**

„Ofan Bjarkarskurðar eru Jórvíkurrimar, þýfðir og þurrir, og þar er Jórvíkurtóft um 700 metra fyrir neðan Kerhól, hornmark Björkur, Selfoss og Jórvíkur.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2) Minjarnar eru 350 m norður frá fjárhúsum [166188-004] sem voru þar sem gamall braggaskúr er nú. Tóftin er jafnframt 400 m vestur frá Lækjamótum.

Minjalýsing

Tóftin er mjög greinileg og hefur að öllum líkindum verið fjárhús og hlaða. Veggir hlöðunnar eru mun lægri en fjárhússins, sem er einnig mun stærra en hlaðan. Þeir eru um 50 cm og engar hleðslur eru sjáanlegar. Því er líklega um torfvegg að ræða. Gengt er á milli rýmanna og eru veggir fjárhússins um 1,3 m á hæð. Við vesturvegg fjárhússins eru hleðslurnar greinilegastar, allt að fjögur umför með streng á milli. Hinir veggirnir eru hins vegar meira grónir. Innanmál tóftarinnar er 10,5 m á lengd og 2 til 3,5 m á breidd. Tóftin er grasi gróin að innan. Austan við tóftina eru hringlaga grasbollar. Samkvæmt heimildamanni voru þessir bollar slegnir áður fyrr. Rétt sunnan við tóftina er gróinn og breiður skurður sem liggur í beina stefnu á bæjarhúsin í Votmúla.



Mynd 11. Fjárhús og hlaða (2358-006). Myndin sýnir inn í op fjárahússins þar sem hleðslur veggjanna eru hæstar.



Mynd 12. Uppmælingar af fjárhúsi og hlöðu [2358-006].

4. NIÐURSTÖÐUR

Sex minjar fundust við rannsóknina, landamerkið Kerhóll [2358-001] sem er hornmark Votmúla gagnvart Selfossi, Björk og Jórvík, tvær tóftir [2358-002 og 2358-003], mógröf [2358-004], vegur [2358-005] og fjárhús og hlaða [2358-006]. Svæðið er mjög gróið grasi og mosa. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir aldri þeirra minja sem eru á svæðinu. Fjárhúsið með hlöðunni virðast af þeirri gerð sem var nokkuð algeng var á 19-20 öld.

Rústin [2358-003] sem er við hlið mógrafar er líklega til að þurrka mó þar sem hún stendur við mógröf.

Ekki er vitað hvers eðlis rúst [2358-002] en hún er byrjuð að falla ofna í skurð.

Leiðin [2358-005] sem liggur í gegn um svæðið sést ekki á gömlum loftmyndum en það gæti verið vegna lélegra gæða þeirra.

5. HEIMILDASKRÁ

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Einar Arnórsson. 1950. Árnesinga saga II. Árnesþing á landnáms- og söguöld. Ritstjóri Guðni Jónsson. Árnesingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). Landskrá fasteigna. Jórvík Sveitarfélagið Árborg. Sótt 9.2. 2005 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. Jórvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. Jórvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

6. KORT

